

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2150/2002

2006/EES/58/26

frá 25. nóvember 2002

um hagskýrslur um úrgang (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 285. gr.,

með hliðsjón af tillögum framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að geta fylgst með því hvernig til tekst með framkvæmd stefnu í úrgangsmálum er þörf fyrir reglubundnar hagskýrslur Bandalagsins um framleiðslu og meðhöndlun úrgangs frá fyrirtækjum og heimilum. Með þessu skapast grundvöllur til að fylgjast með því hvernig tekst að fylgja meginreglunum um hámarkun endurnýtingar og örugga förgun. Engu að síður er enn þörf fyrir hagskýrslugögn til að meta hvernig tekst að fylgja meginreglunni um að koma í veg fyrir myndun úrgangs og til að tengja gögn um myndun úrgangs við alþjóðlegar, innlendar og svæðisbundnar skrár um nýtingu auðlinda.
- 2) Nauðsynlegt er að skilgreina þau hugtök sem eiga að lýsa úrgangi og meðhöndlun úrgangs til að unnt sé að tryggja samanburðarhæfi hagskýrslna um úrgang.
- 3) Bandalagið hefur, á grundvelli stefnu sinnar í úrgangsmálum, sett fram meginreglur sem ber að fylgja í úrgangsmyndandi einingum og við meðhöndlun úrgangs. Af þessu leiðir að hafa þarf eftirlit með úrganginum á mismunandi stöðum í ferlinu við myndun, söfnun, endurnýtingu og förgun úrgangsins.
- 4) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ⁽⁴⁾.
- 5) Til að tryggja samanburðarhæfar niðurstöður skulu hagskýrslur um úrgang teknar saman í samræmi við tilgreinda sundurliðun, á viðeigandi formi og innan fastsettra tímamarka frá lokum viðmiðunarársins.
- 6) Þar sem aðildarríkin geta ekki svo vel sé náð markmiðum fyrirhugaðrar ráðstöfunar, þ.e. að setja fram ramma um gerð hagskýrslna um myndun, endurnýtingu og förgun úrgangs, vegna þess að nauðsynlegt er að skilgreina hugtök sem eiga að lýsa úrgangi og meðhöndlun úrgangs til að tryggja samanburðarhæfi hagskýrslna, sem aðildarríkin leggja fram, og af þeim sökum væri auðveldara að ná markmiðunum á vettvangi Bandalagsins, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná megi markmiði fyrirhugaðrar ráðstöfunar.
- 7) Aðildarríkin gætu þurft á aðlögunartímabili að halda til að hefja hagskýrslugerð um úrgang fyrir sumar eða allar atvinnugreinar undir bálki A, B og G til Q í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., sem er fastsett með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 frá 9. október 1990 um atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins ⁽⁵⁾ og kallar á meiri háttar aðlögun á hagskýrslukerfum þeirra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 32, 9.12.2002, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2004 frá 23. apríl 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 26.8.2004, bls. 21.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 87, 29.3.1999, bls. 22, Stjtið. EB C 180 E, 26.6.2001, bls. 202 og breytt tillaga frá 10. desember (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽²⁾ Stjtið. EB C 329, 17.11.1999, bls. 17.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 4. september 2001 (Stjtið. EB C 72 E, 21.3.2002, bls. 32), sameiginleg afstaða ráðsins frá 15. apríl 2002 (Stjtið. EB C 145 E, 18.6.2002, bls. 85) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 4. júlí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), ákvörðun ráðsins frá 14. nóvember 2002.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1 myndar viðmiðunarramma um ákvæði þessarar reglugerðar.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 293, 24.10.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2002 (Stjtið. EB L 6, 10.1.2002, bls. 3).

8) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, ber að samþykkja í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.

9) Framkvæmdastjórnin hefur haft samráð við hagskýrsluáætlunarnefndina.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Markmið

1. Markmiðið með þessari reglugerð er að setja ramma um gerð hagskýrslna Bandalagsins um myndun, endurnýtingu og förgun úrgangs.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu, hvert á sínu valdsviði, leggja fram hagskýrslur Bandalagsins um myndun, endurnýtingu og förgun úrgangs, þó ekki geislavirks úrgangs sem fellur nú þegar undir aðra löggjöf.

3. Hagskýrslurnar skulu taka til eftirfarandi sviða:

- a) myndunar úrgangs skv. I. viðauka,
- b) endurnýtingar og förgunar úrgangs skv. II. viðauka,
- c) að loknum forkönnunum skv. 5. gr.: inn- og útflutnings úrgangs, sem engin gögn eru tekin saman um samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu ⁽²⁾, skv. III. viðauka.

4. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu, við samantekt hagskýrslna, fylgja hagtöluflokkunarkerfinu, sem er í meginatriðum efnismiðað, eins og segir í III. viðauka.

5. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr., setja fram töflu um samsvörun milli hagtöluflokkunarkerfisins í III. viðauka og úrgangsskrárinna sem er komið á með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB ⁽³⁾.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð og innan ramma hennar er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „úrgangur“: hvers kyns efni eða hlutir eins og skilgreint er í a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang ⁽⁴⁾,
- b) „flokkaður úrgangur sem er safnað sérstaklega“: einleitur, flokkaður heimilisúrgangur og svipaður úrgangur sem opinberir þjónustuaðilar, stofnanir, sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni, og einkafyrirtæki, sem starfa á sviði skipulagðrar sorphirðu, safna sérstaklega,
- c) „endurvinnsla“: hefur sömu merkingu og fram kemur í skilgreiningu í 7. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang ⁽⁵⁾,
- d) „endurnýting“: hver sú aðgerð sem kveðið er á um í II. viðauka B við tilskipun 75/442/EBE,
- e) „förgun“: hver sú aðgerð sem kveðið er á um í II. viðauka A við tilskipun 75/442/EBE,
- f) „endurnýtingar- eða förgunarstöð“: stöð sem verður að hafa leyfi eða vera skráð skv. 9., 10. eða 11. gr. tilskipunar 75/442/EBE,
- g) „hættulegur úrgangur“: hver sá úrgangur sem er skilgreindur í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang ⁽⁶⁾,
- h) „hættulaus úrgangur“: úrgangur sem fellur ekki undir g-lið,
- i) „brennsla“: varmameðferð úrgangs í brennslustöð eins og skilgreint er í 4. mgr. 3. gr. eða í sambrennslustöð eins og skilgreint er í 5. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs ⁽⁷⁾,
- j) „urðunarstaður“: förgunarstaður úrgangs eins og skilgreint er í g-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs ⁽⁸⁾,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 30, 6.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2557/2001 (Stjtið. EB L 349, 31.12.2001, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun ráðsins 2001/573/EB (Stjtið. EB L 203, 28.7.2001, bls. 18).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/350/EB (Stjtið. EB L 135, 6.6.1996, bls. 32).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 94/31/EB (Stjtið. EB L 168, 2.7.1994, bls. 28).

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1.

- k) „afkastageta brennslustöðva fyrir úrgang“: hámarksafköst við brennslu úrgangs í tonnum á ári eða í gígajúlum,
- l) „afkastageta endurnýtingarstöðva fyrir úrgang“: hámarksafköst við endurnýtingu úrgangs í tonnum á ári,
- m) „afkastageta urðunarstaða“: sú afkastageta urðunarstaða sem eftir stendur (við lok viðmiðunarárs gagna) til förgunar úrgangs síðar, mælt í rúmmetrum,
- n) „afkastageta annarra förgunarstaða“: afkastageta annarra staða til förgunar á úrgangi, mælt í tonnum á ári.

3. gr.

Gagnasöfnun

1. Aðildarríkin skulu, jafnframt því að uppfylla skilyrði um gæði og nákvæmni sem verða skilgreind í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 7. gr., afla nauðsynlegra gagna um forskrifdir að könnunaratriðum sem eru skráð í I. og II. viðauka, annaðhvort:

— með könnunum,

— í stjórnsýslugögnum eða öðrum heimildum, t.d. skýrslum samkvæmt löggjöf Bandalagsins um meðhöndlun úrgangs,

— með tölfraðilegum matsaðferðum á grundvelli úrtaks eða úrgangstengds metils eða

— samblandi af þessum aðferðum.

Til að draga úr fyrirhöfn spyrjenda skulu innlend yfirvöld og framkvæmdastjórnin, með þeim takmörkunum og skilyrðum sem hvert aðildarríki og framkvæmdastjórnin setja með hliðsjón af valdsviði sínu, hafa aðgang að gagnaheimildum í stjórnsýslunni.

2. Til að draga úr stjórnsýsluálagi í litlum fyrirtækjum skulu fyrirtæki með færri en tíu starfsmenn útilokuð frá könnunum, nema þau leggi verulega til myndunar úrgangs.

3. Aðildarríkin skulu ganga frá tölfraðilegum niðurstöðum á grundvelli þeirrar sundurliðunar sem er að finna í I. og II. viðauka.

4. Útilokunin, sem um getur í 2. mgr., skal vera í samræmi við það gildissvið og þau gæðamarkmið sem um getur í 1. lið 7. þáttar í I. og II. viðauka.

5. Aðildarríkin skulu senda Hagstofu Evrópubandalaganna niðurstöðurnar, þ.m.t. trúnaðargögn, á viðeigandi formi og innan tiltekins frests frá lokum viðkomandi viðmiðunartímabila, eins og mælt er fyrir um í I. og II. viðauka.

6. Meðferð trúnaðargagna og sending gagna af þeim toga, eins og kveðið er á um í 5. mgr., skal vera í samræmi við gildandi ákvæði Bandalagsins um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum.

4. gr.

Aðlögunartímabil

1. Á aðlögunartímabili er framkvæmdastjórninni heimilt, að beiðni aðildarríkis og í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 7. gr., að veita undanþágur frá ákvæðum 5. þáttar I. og II. viðauka. Aðlögunartímabilið skal ekki vera lengra en:

a) tvö ár, talið frá gildistöku þessarar reglugerðar, til að ganga frá niðurstöðum er lúta að lið nr. 16 (Þjónustustarfsemi) í lið 1.1 í 8. þætti I. viðauka og er lúta að 2. lið 8. þáttar í II. viðauka,

b) þrjú ár, talið frá gildistöku þessarar reglugerðar, til að ganga frá niðurstöðum er lúta að lið nr. 1 (Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt) og nr. 2 (Fiskveiðar) í lið 1.1 í 8. þætti I. viðauka.

2. Einungis er heimilt að veita einstökum aðildarríkjum þær undanþágur, sem um getur í 1. mgr., vegna gagna á fyrsta viðmiðunarári.

3. Framkvæmdastjórnin skal gera áætlun um forkannanir um úrgang frá atvinnugreinum, sem um getur í b-lið 1. mgr., sem skulu gerðar á vegum aðildarríkjanna. Með forkönnunum er stefnt að því að þróa aðferðafræði til að afla reglulegra gagna sem lúta meginreglum hagskýrslna Bandalagsins, eins og mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97.

Framkvæmdastjórnin greiðir allt að 100% af kostnaði við þessar forkannanir. Framkvæmdastjórnin samþykkir nauðsynlegar framkvæmdarástafanir, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr., á grundvelli niðurstaðna úr þessum forkönnunum.

5. gr.

Inn- og útflutningur úrgangs

1. Framkvæmdastjórnin skal gera áætlun um forkannanir um inn- og útflutning á úrgangi sem skulu gerðar á vegum aðildarríkjanna. Með forkönnunum er stefnt að því að þróa aðferðafræði til að afla reglubundið þeirra gagna sem lúta meginreglum hagskýrslna Bandalagsins eins og mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97

2. Áætlun framkvæmdastjórnarinnar um forkannanir skal vera í samræmi við efni I. og II. viðauka, einkum þá þætti sem varða beitingu og gildissvið úrgangs, flokka úrgangs með hliðsjón af flokkun hans, viðmiðunarár og tíðni, með hliðsjón af skýrslugerð samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 259/93.

3. Framkvæmdastjórnin greiðir allt að 100% af kostnaði við þessar forkannanir.

4. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli niðurstaðna forkannananna, upplýsa Evrópuþingið og ráðið um möguleikana á að taka saman hagtolur um þá starfsemi og breytur sem fjallað er um í forkönnunum um inn- og útflutning á úrgangi. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja nauðsynlegar framkvæmdaráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr.

5. Forkannanir skulu gerðar eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

6. gr.

Frankvæmdaráðstafanir

Samþykkja ber ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari reglugerð, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr. Þessar ráðstafanir geta falist í því:

- a) að laga söfnun og tölfraðilega úrvinnslu gagna og úrvinnslu og afhendingu niðurstaðna að efnahagslegri og tæknilegri þróun,
- b) að aðlaga forskriftirnar sem eru skráðar í I., II. og III. viðauka,
- c) að ganga frá niðurstöðum í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. 3. gr. með hliðsjón af skipan efnahagsmála og tæknilegum skilyrðum í aðildarríkinu; gera má ráð fyrir því í ráðstöfununum að einstök aðildarríki gefi ekki upplýsingar um tiltekna liði í sundurliðuninni, að því tilskildu að sannað sé að áhrif þessa á gæði hagskýrslanna séu takmörkuð. Í öllum undanþágutíðvikum skal taka saman hagskýrslur um heildarmagn úrgangs fyrir hvern lið í 1. lið 2. þáttar og 1. lið 8. þáttar í I. viðauka,
- d) að skilgreina viðeigandi viðmið um gæðamat og efnigæðaskýrslna eins og um getur í 7. þætti I. og II. viðauka,
- e) að setja fram viðeigandi snið til sendingar á niðurstöðum aðildarríkjanna innan tveggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar,
- f) að taka saman skrá yfir aðlögunartímabil og undanþágur sem eru veitt aðildarríkjunum eins og tilgreint er í 4. gr.,
- g) að koma niðurstöðum forkannananna til framkvæmda eins og tilgreint er í 3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr.

7. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndar sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ⁽¹⁾.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

4. Framkvæmdastjórnin skal senda nefndinni, sem er komið á fót með tilskipun 75/442/EBE, drög að ráðstöfunum sem hún hyggst leggja fyrir hagskýrsluáætlunarnefndina.

8. gr.

Skýrsla

1. Framkvæmdastjórnin skal, innan fimm ára frá gildistöku þessarar reglugerðar og á þriggja ára fresti eftir það, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um hagskýrslur sem teknar hafa verið saman samkvæmt þessari reglugerð, einkum um gæði þeirra og fyrirhöfn fyrirtækja.

2. Framkvæmdastjórnin skal, innan tveggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar, leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið um niðurfellingu skyldna um skýrslugjöf sem skarast.

3. Framkvæmdastjórnin skal, innan tveggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um framvindu forkannana sem um getur í 3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. Hún skal, ef nauðsyn krefur, leggja til að forkannanirnar verði endurskoðaðar en ákvörðun um það skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. nóvember 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

B. BENDTSEN

forseti.

I. VIÐAUKI

MYNDUN ÚRGANGS

1. ÞÁTTUR

Gildissvið

Taka skal hagskýrslurnar saman fyrir alla starfsemi sem er flokkuð í bálkum A til Q í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, 1. endursk.).

Bálkamir taka til allrar atvinnustarfsemi.

Til þessa viðauka telst einnig:

- a) úrgangur frá heimilum,
- b) úrgangur frá endurnýtingar- og/eða förgunarstarfsemi.

2. ÞÁTTUR

Flokkar úrgangs

1. Taka skal saman hagskýrslur yfir eftirtalda flokka úrgangs:

Heildarskrá			
Liður nr.	Evrópska úrgangsskráin (EWC) – hagtölur/2. útgáfa		Hættulegur/hættulaus úrgangur
	Kóði	Lýsing	
1	01.1	Notaðir leysar	Hættulaus
2	01.1	Notaðir leysar	Hættulegur
3	01.2	Súr, basískur eða saltur úrgangur	Hættulaus
4	01.2	Súr, basískur eða saltur úrgangur	Hættulegur
5	01.3	Notaðar olíur	Hættulaus
6	01.3	Notaðar olíur	Hættulegur
7	01.4	Notaðir efnahvatar	Hættulaus
8	01.4	Notaðir efnahvatar	Hættulegur
9	02	Efnablönduúrgangur	Hættulaus
10	02	Efnablönduúrgangur	Hættulegur
11	03.1	Efnaútfellingar og -leifar	Hættulaus
12	03.1	Efnaútfellingar og -leifar	Hættulegur
13	03.2	Eðja frá iðnaðarfrárennsli	Hættulaus
14	03.2	Eðja frá iðnaðarfrárennsli	Hættulegur
15	05	Úrgangur frá heilbrigðisstofnunum og lífrænn úrgangur	Hættulaus
16	05	Úrgangur frá heilbrigðisstofnunum og lífrænn úrgangur	Hættulegur
17	06	Málmúrgangur	Hættulaus
18	06	Málmúrgangur	Hættulegur

Heildarskrá			Hættulegur/hættulaus úrgangur
Liður nr.	Evrópska úrgangsskráin (EWC) – hagtölur/2. útgáfa		
	Kóði	Lýsing	
19	07.1	Glerúrgangur	Hættulaus
20	07.2	Pappírs- og pappauúrgangur	Hættulaus
21	07.3	Gúmmiúrgangur	Hættulaus
22	07.4	Plastúrgangur	Hættulaus
23	07.5	Viðarúrgangur	Hættulaus
24	07.6	Textilúrgangur	Hættulaus
25	07.6	Textilúrgangur	Hættulegur
26	08	Aflagður búnaður	Hættulaus
27	08	Aflagður búnaður	Hættulegur
28	08.1	Aflögð ökutæki	Hættulaus
29	08.41	Rafhlöður og rafgeymar, úrgangur	Hættulaus
30	08.41	Rafhlöður og rafgeymar, úrgangur	Hættulegur
31	09	Úrgangur frá dýrum og jurtum (þó ekki dýraúrgangur frá matvælaframleiðslu og matvælum eða dýrasaur, hland og mykja)	Hættulaus
32	09.11	Dýraúrgangur frá matvælaframleiðslu og matvælum	Hættulaus
33	09.3	Dýrasaur, hland og mykja	Hættulaus
34	10.1	Heimilisúrgangur og svipaður úrgangur	Hættulaus
35	10.2	Blönduð efni og óflokkuð efni	Hættulaus
36	10.3	Flokkunarúrgangur	Hættulaus
37	11	Venjuleg eðja (þó ekki dýpkunarefni)	Hættulaus
38	11.3	Dýpkunarefni	Hættulaus
39	12.1 + 12.2 12.3 + 12.5	Jarðefnaúrgangur (þó ekki úrgangur frá brennslu, mengaður jarðvegur og menguð dýpkunarefni)	Hættulaus
40	12.1 + 12.2 12.3 + 12.5	Jarðefnaúrgangur (þó ekki úrgangur frá brennslu, mengaður jarðvegur og menguð dýpkunarefni)	Hættulegur
41	12.4	Úrgangur frá brennslu	Hættulaus
42	12.4	Úrgangur frá brennslu	Hættulegur
43	12.6	Mengaður jarðvegur og menguð dýpkunarefni	Hættulegur
44	13	Úrgangur sem hefur verið breytt í fast efni, stöðgaður eða ummyndaður í gler	Hættulaus
45	13	Úrgangur sem hefur verið breytt í fast efni, stöðgaður eða ummyndaður í gler	Hættulegur

2. Í samræmi við skuldbindinguna um skýrslugjöf samkvæmt tilskipun 94/62/EB mun framkvæmdastjórnin gera áætlun um forkannanir, sem skulu gerðar á vegum aðildarríkjanna að þeirra eigin frumkvæði, til að meta hvort rétt sé að fella færslur um umbúðaúrgang (Evrópska úrgangsskráin (EWC) – hagtolur/2. útgáfa) undir sundurliðunarskrána sem sett er fram í 1. lið. Framkvæmdastjórnin greiðir allt að 100% af kostnaði við þessar forkannanir. Framkvæmdastjórnin samþykkir nauðsynlegar framkvæmdaráðstafanir, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar, á grundvelli niðurstaðna úr þessum forkönnunum.

3. ÞÁTTUR

Könnunatriði

1. Könnunatriði fyrir úrgangsflokka:

Tekið er saman magn úrgangs sem myndast fyrir hvern þeirra úrgangsflokka sem er skráður í 1. lið 2. þáttar.

2. Svæðisbundin könnunatriði:

Þýði eða húsnæði sem fellur undir söfnunarkerfi fyrir blandaðan heimilisúrgang og svipaðan úrgang (flokkun hagskýrslusvæða, 2. stig).

4. ÞÁTTUR

Svarseining

1. Svarseining fyrir alla úrgangsflokka skal vera 1000 tonn af blautum (venjulegum) úrgangi. Í úrgangsflokknum „eðja“ skal setja fram viðbótartölur fyrir þurrefni.
2. Í svarseiningu fyrir svæðisbundin könnunatriði skal koma fram hlutfall þýðis eða húsnæðis.

5. ÞÁTTUR

Fyrsta viðmiðunarár og tíðni

1. Fyrsta viðmiðunarár er annað almanaksárið frá gildistöku þessarar reglugerðar.
2. Að loknu fyrsta viðmiðunarári skulu aðildarríkin láta í té gögn fyrir annað hvert ár.

6. ÞÁTTUR

Sending niðurstaðna til Hagstofu Evrópubandalaganna

Afhenda skal niðurstöðurnar eigi síðar en 18 mánuðum frá lokum viðmiðunársins.

7. ÞÁTTUR

Skýrsla um umfang og gæði hagtalna

1. Aðildarríkin skulu tilgreina, fyrir hvern lið í 8. þætti (starfsemi og heimili), hve hátt hlutfall samanteknar hagtölur eru af heildarúrgangi undir viðkomandi lið. Lágmarkskröfur varðandi umfang verða skilgreindar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar.
2. Aðildarríkin leggja fram gæðaskýrslu þar sem tilgreind er nákvæmni þeirra gagna sem er safnað. Sett er fram lýsing á mati, samantekt eða útilokun og áhrif þessara aðferða á það hvernig skipt er í úrgangsflokka, sbr. 1. lið 2. þáttar, eftir atvinnustarfsemi og heimilum, sbr. 8. þátt.
3. Framkvæmdastjórnin fellir skýrslur um umfang og gæði inn í þá skýrslu sem kveðið er á um í 8. gr. þessarar reglugerðar.

8. ÞÁTTUR

Frágangur niðurstaðna

1. Niðurstöður könnunatriða, sem eru skráð í 1. lið 3. þáttar, eru teknar saman fyrir:

1.1. eftirtalda bála, deildir, flokka og greinar í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE), 1. endursk.:

Liður nr.	NACE, endursk. 1.1 Kóði	Lýsing
1	A	Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt
2	B	Fiskveiðar
3	C	Námuvinnsla og grjótnám
4	DA	Framleiðsla matvæla, drykkjarvöru og tóbaks
5	DB+DC	Framleiðsla á textílefnum og textílvörum + Framleiðsla á leðri og leðurvörum
6	DD	Framleiðsla á viði og vörum úr viði
7	DE	Framleiðsla á pappírseigi, pappír og pappírsvöru; útgáfustarfsemi og prentiðnaður
8	DF	Framleiðsla á koxi, hreinsuðum jarðolíuvörum og kjarnorkueldsneyti
9	DG+DH	Framleiðsla á íðefnum, efnavörum og tilbúnum trefjum + Gúmmi- og plastvöruframleiðsla
10	DI	Framleiðsla á öðrum málmlausum jarðefnum
11	DJ	Framleiðsla á hrá málmum og fullunninni málmvöru
12	DK+DL+DM	Framleiðsla á vélum og búnaði + Framleiðsla raf- og sjóntækja + Framleiðsla flutningatækja
13	DN 37 undanskilinn	Framleiðsla, ót.a.
14	E	Rafmagns-, gas-, gufu- og hita- og vatnsveitur
15	F	Byggingarstarfsemi
16	G — Q 90 og 51.57 undanskilin	Þjónustustarfsemi: Heildsölu- og smásöluverslun; Viðgerðir á vélknúnum ökutækjum, bílfhólum og vörum til einka- og heimilisnota+ Hótel- og veitingahúsarekstur+ Flutningar, vörugemysla og boðskipti+ Fjármálaþjónusta+ Fasteigna-, lána- og viðskiptastarfsemi + Opinber stjórnsýsla, varnarmál og almannatryggingar+ Menntun+ Heilbrigðis- og félagsþjónusta+ Önnur samfélagsþjónusta, félagsþjónusta og persónuleg þjónusta + Heimilishald+ Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt
17	37	Endurvinnsla
18	51.57	Heildverslun með úrgangsefni og brotajárn
19	90	Skólþveitur, sorphreinsun, hreinsunardeildir og skyld starfsemi

1.2. heimili

20	Úrgangur frá heimilum
----	-----------------------

2. Hagskýrslueiningar atvinnustarfsemi skiptast, samkvæmt hagskýrslukerfi hvers aðildarríkis um sig, í starfsstöðvar eða rekstrareiningar eins og skilgreint er í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 frá 15. mars 1993 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðslukerfi Bandalagsins ⁽¹⁾.

Í gæðaskýrslunni, sem semja á skv. 7. þætti, skal koma fram lýsing á því hvernig hagskýrslueiningin hefur áhrif á flokkun í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE), 1. endursk.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 76, 30.3.1993, bls. 2.Reglugerðinni var breytt með aðildarlögunum frá 1994.

II. VIÐAUKI

ENDURNÝTING OG FÖRGUN ÚRGANGS

1. ÞÁTTUR

Gildissvið

1. Taka skal saman hagtölur yfir allar endurnýtingar- og förgunarstöðvar þar sem rekin er einhver sú starfsemi sem um getur í 2. lið 8. þáttar og sem tilheyra eða eru hluti af atvinnustarfsemi samkvæmt flokkun atvinnugreinaflokksins Evrópubandalagsins (NACE), 1. endursk. sem um getur í lið 1.1 í 8. þætti I. viðauka.
2. Starfsstöðvar, þar sem starfsemi til meðferðar á úrgangi takmarkast við endurvinnslu úrgangs á þeim stað þar sem úrgangurinn myndast, falla ekki undir þennan viðauka.

2. ÞÁTTUR

Flokkar úrgangs

Taka skal saman hagtölur yfir hverja tegund endurnýtingar- eða förgunarstarfsemi, sem um getur í 2. lið 8. þáttar, samkvæmt eftirtöldum flokkum úrgangs:

Brennsla			
Liður nr.	Evrópska úrgangsskráin (EWC) – hagtölur/2. útgáfa		Hættulegur/hættulaus úrgangur
	Kóði	Lýsing	
1	01 + 02 + 03	Efnaúrgangur, þó ekki notaðar olíur (Úrgangur efnasambanda + Úrgangur efnablandna + Annar efnaúrgangur)	Hættulaus
2	01 + 02 + 03	Efnaúrgangur, þó ekki notaðar olíur (Úrgangur efnasambanda + Úrgangur efnablandna + Annar efnaúrgangur)	Hættulegur
3	01,3	Notaðar olíur	Hættulaus
4	01,3	Notaðar olíur	Hættulegur
5	05	Úrgangur frá heilbrigðisstofnunum og lífrænn úrgangur	Hættulaus
6	05	Úrgangur frá heilbrigðisstofnunum og lífrænn úrgangur	Hættulaus
7	10,1	Heimilisúrgangur og svipaður úrgangur	Hættulaus
8	10,2	Blönduð efni og óflokkuð efni	Hættulaus
9	10,3	Flokkunarúrgangur	Hættulaus
10	11	Venjuleg eðja	Hættulaus
11	06 + 07 + 08 + 09 + 12 + 13	Annar úrgangur (Málmúrgangur + Úrgangur úr öðrum efnum en málmum + Aflagður búnaður + Úrgangur frá dýrum og jurtum + Jarðefnaúrgangur + Úrgangur sem hefur verið breytt í fast efni, stöðgaður eða ummyndaður í gler)	Hættulaus

Brennsla			
Liður nr.	Evrópska úrgangsskráin (EWC) – hagtölur/2. útgáfa		Hættulegur/hættulaus úrgangur
	Kóði	Lýsing	
12	06 + 07 + 08 + 09 + 12 + 13	Annar úrgangur (Málmúrgangur + Úrgangur úr öðrum efnum en málmum + Aflagður búnaður + Úrgangur frá dýrum og jurtum + Jarðefnaúrgangur + Úrgangur sem hefur verið breytt í fast efni, stöðgaður eða ummyndaður í gler)	Hættulegur

Endurnýtingarstarfsemi (þó ekki endurnýting orku)

Endurnýtingarstarfsemi (þó ekki endurnýting orku)			
Liður nr.	Evrópska úrgangsskráin (EWC) – hagtölur/2. útgáfa		Hættulegur/hættulaus úrgangur
	Kóði	Lýsing	
1	01.3	Notaðar olíur	Hættulaus
2	01.3	Notaðar olíur	Hættulegur
3	06	Málmúrgangur	Hættulaus
4	06	Málmúrgangur	Hættulegur
5	07.1	Glerúrgangur	Hættulaus
6	07.2	Pappírs- og pappaúrgangur	Hættulaus
7	07.3	Gúmmíúrgangur	Hættulaus
8	07.4	Plastúrgangur	Hættulaus
9	07.5	Viðarúrgangur	Hættulaus
10	07.6	Textílúrgangur	Hættulaus
11	07.6	Textílúrgangur	Hættulegur
12	09	Úrgangur frá dýrum og jurtum (þó ekki dýraúrgangur frá matvælaframleiðslu og matvælum eða dýrasaur, hland og mykja)	Hættulaus
13	09.11	Dýraúrgangur frá matvælaframleiðslu og matvælum	Hættulaus
14	09.3	Dýrasaur, hland og mykja	Hættulaus
15	12	Jarðefnaúrgangur	Hættulaus

Endurnýtingarstarfsemi (þó ekki endurnýting orku)			
Liður nr.	Evrópska úrgangsskráin (EWC) – hagtölur/2. útgáfa		Hættulegur/hættulaus úrgangur
	Kóði	Lýsing	
16	12	Jarðefnaúrgangur	Hættulegur
17	01 + 02 + 03 + 05 + 08 + 10 + 11 + 13	Annar úrgangur, þó ekki notaðar olíur (Úrgangur efnasambanda + Úrgangur efnablandna + Annar efnaúrgangur + Úrgangur frá heilbrigðisstofnunum og lífrænn úrgangur + Aflagður búnaður + Blandaður venjulegur úrgangur + Venjuleg eðja + Úrgangur sem hefur verið breytt í fast efni, stöðgaður eða ummyndaður í gler)	Hættulaus
18	01 + 02 + 03 + 05 + 08 + 10 + 11 + 13	Annar úrgangur, þó ekki notaðar olíur (Úrgangur efnasambanda + Úrgangur efnablandna + Annar efnaúrgangur + Úrgangur frá heilbrigðisstofnunum og lífrænn úrgangur + Aflagður búnaður + Blandaður venjulegur úrgangur + Venjuleg eðja + Úrgangur sem hefur verið breytt í fast efni, stöðgaður eða ummyndaður í gler)	Hættulegur

Förgun (annað en brennsla):

Liður nr.	Evrópska úrgangsskráin (EWC) – hagtölur/2. útgáfa		Hættulegur/hættulaus úrgangur
	Kóði	Lýsing	
1	01 + 02 + 03	Efnaúrgangur, þó ekki notaðar olíur (Úrgangur efnasambanda + Úrgangur efnablandna + Annar efnaúrgangur)	Hættulaus
2	01 + 02 + 03	Efnaúrgangur, þó ekki notaðar olíur (Úrgangur efnasambanda + Úrgangur efnablandna + Annar efnaúrgangur)	Hættulegur
3	01.3	Notaðar olíur	Hættulaus
4	01.3	Notaðar olíur	Hættulegur
5	09	Úrgangur frá dýrum og jurtum (þó ekki dýraúrgangur frá matvælaframleiðslu og matvælum og dýrasaur, hland og mykja)	Hættulaus
6	09.11	Dýraúrgangur frá matvælaframleiðslu og matvælum	Hættulaus
7	09.3	Dýrasaur, hland og mykja	Hættulaus
8	10.1	Heimilisúrgangur og svipaður úrgangur	Hættulaus
9	10.2	Blönduð efni og óflokkuð efni	Hættulaus

Förgun (annað en brennsla):			
Liður nr.	Evrópska úrgangsskráin (EWC) – hagtolur/2. útgáfa		Hættulegur/hættulaus úrgangur
	Kóði	Lýsing	
10	10.3	Flokkunarúrgangur	Hættulaus
11	11	Venjuleg eðja	Hættulaus
12	12	Jarðefnaúrgangur	Hættulaus
13	12	Jarðefnaúrgangur	Hættulegur
14	05 + 06 + 07 + 08 + 13	Annar úrgangur (Úrgangur frá heilbrigðisstofnunum og lifrænn úrgangur + Málmuúrgangur + Úrgangur úr öðrum efnum en málmum + Aflagður búnaður + Úrgangur sem hefur verið breytt í fast efni, stöðgaður eða ummyndaður í gler)	Hættulaus
15	05 + 06 + 07 + 08 + 13	Annar úrgangur (Úrgangur frá heilbrigðisstofnunum og lifrænn úrgangur + Málmuúrgangur + Úrgangur úr öðrum efnum en málmum + Aflagður búnaður + Úrgangur sem hefur verið breytt í fast efni, stöðgaður eða ummyndaður í gler)	Hættulegur

3. ÞÁTTUR

Könnunaratriði

Í töflunni hér á eftir eru sett fram þau könnunaratriði sem hagtolur eru teknar saman fyrir að því er varðar endurnýtingar- og förgunarstarfsemi, sem um getur í 2. lið 8. þáttar.

Fjöldi og afkastageta endurnýtingar- og förgunarstöðva á hverju svæði	
Liður nr.	Lýsing
1	Fjöldi stöðva, flokkun hagskýrslusvæða, 2. stig
2	Afkastageta í einingum samkvæmt stöðvunum, flokkun hagskýrslusvæða 2. stig
Meðhöndlaður úrgangur á hverri endurnýtingar- og förgunarstöð, þ.m.t. innflutningur	
3	Heildarmagn meðhöndlaðs úrgangs, samkvæmt úrgangsflokkum eftir tegund starfsemi sem eru skráðir í 2. þátt, þó ekki endurvinnsla úrgangs á þeim stað þar sem hann myndast, flokkun hagskýrslusvæða 1. stig

4. ÞÁTTUR

Svarseining

Svarseining fyrir alla úrgangsflokka skal vera 1000 tonn af blautum (venjulegum) úrgangi. Í úrgangsflokknum „eðja“ skal setja fram viðbótartölur fyrir þurrefni.

5. ÞÁTTUR

Fyrsta viðmiðunarár og tíðni

1. Fyrsta viðmiðunarár er annað almanaksárið frá gildistöku þessarar reglugerðar.

- Að loknu fyrsta viðmiðunarári skulu aðildarríkin láta í té gögn fyrir annað hvert ár fyrir þær starfsstöðvar sem um getur í 2. lið 8. þáttar.

6. ÞÁTTUR

Sending niðurstaðna til Hagstofu Evrópubandalaganna

Afhenda skal niðurstöðurnar eigi síðar en 18 mánuðum frá lokum viðmiðunarársins.

7. ÞÁTTUR

Skýrsla um umfang og gæði hagtalna

- Aðildarríkin skulu tilgreina, fyrir könnunatriði í 3. þætti og fyrir hvern lið undir tegund atvinnustarfsemi í 2. lið 8. þáttar, hve hátt hlutfall samanteknar hagtölur eru af heildarúrgangi undir viðkomandi lið. Lágmarkskröfur varðandi umfang verða skilgreindar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar.
- Aðildarríkin skulu, að því er varðar þau könnunatriði sem eru skráð í 3. þætti, leggja fram skýrslu um gæði þar sem tilgreint er nákvæmni þeirra gagna sem er safnað.
- Framkvæmdastjórnin fellir skýrslur um umfang og gæði inn í þá skýrslu sem kveðið er á um í 8. gr. þessarar reglugerðar.

8. ÞÁTTUR

Frágangur niðurstaðna

- Taka skal saman niðurstöður fyrir hvern lið atvinnustarfsemi í 2. lið 8. þáttar eftir könnunatriðum sem getur í 3. þætti.
- Skrá yfir endurnýtingar- og förgunarstarfsemi; kóðinn vísar til kóða í viðaukunum við tilskipun 75/442/EBE:

Liður nr.	Kóði	Tegund endurnýtingar- og förgunarstarfsemi
Brennsla		
1	R1	Notkun aðallega sem eldsneyti eða á annan hátt til orkuframleiðslu
2	D10	Brennsla á landi
Endurnýtingarstarfsemi (þó ekki endurnýting orku)		
3	R2 +	Endurheimt eða endurmyndun leysiefna
	R3 +	Endurvinnsla eða endurheimt lífrænna efna sem eru ekki notuð sem leysiefni (m.a. mylting og aðrar líffræðilegar ummyndunaraðferðir)
	R4 +	Endurvinnsla eða endurheimt málma og málsambanda
	R5 +	Endurvinnsla eða endurheimt annarra ólífrænna efna
	R6 +	Endurmyndun síru eða basa
	R7 +	Endurnýting efnisþátta sem eru notaðir til að draga úr mengun
	R8 +	Endurnýting efnisþátta úr hvötum
